Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 10. júní 2021.
*Málsnr. 1912001*
*PBG/HH*

**Efni: Stjórnsýsla byggðasamlaga**

Á 525. fundi stjórnar SSH, hinn 7. júní 2021, var stjórnsýsla byggðasamlaga til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

> ***Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001***
>
> *Framhald umræðu frá fyrri fundum. Á 524. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað í fundargerð:*
>
> *„Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að stefnuráði verði komið á fót skv. þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8.apríl 2021. Til viðbótar þeim tillögum sem þar liggja fyrir er lagt til að mat fari fram á fyrirkomulagi og árangri þess að tveimur árum liðnum. Lagt er til að formennska í ráðinu verði á höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra. Þá skuli framkvæmdastjóri SSH starfa með ráðinu. Haldinn verði kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa um tillögur starfshópsins og næstu skref föstudaginn 7. maí nk. Þá er skrifstofu SSH falið að hefja undirbúning að erindisbréfi ráðsins, breytingum á stofnsamningum byggðasamlaganna og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna framgangs málsins. Þau gögn verði kynnt stjórn SSH, rafrænt eða á fundi stjórnar, og í kjölfarið send hlutaðeigandi sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu ásamt beiðni um tilnefningu í stefnuráðið.“*
>
> *Fyrirliggjandi eru drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs., þar sem m.a. er kveðið á um skipan, hlutverk og umboð stefnuráðs, stefnuþing byggðasamlaga og bráðabirgðahlutverk stefnuráðs. Gerð er tillaga um að fyrirliggjandi viðaukar verði sendir til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Jafnframt er SSH falið að óska eftir tilnefningu sveitarfélaganna í stefnuráð en tilnefningar skulu hafa borist eigi síðar en 15. ágúst nk.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
>
> *Skrifstofu SSH er falið að senda drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði beiðnir um tilnefningar á fulltrúum í stefnuráð sendar sveitarfélögunum en tilnefningar skulu liggja fyrir 15. ágúst nk. Málinu verði fylgt eftir með kynningu óski sveitarfélögin þess.*

Á grundvelli framangreinds er óskað eftir því að meðfylgjandi viðaukar við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. verði teknir til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Verði framkvæmdastjóra þess falið ótakmarkað umboð til þess að undirrita viðaukana. Upplýsingar um afgreiðslu málsins óskast sendar á ssh@ssh.is.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Jafnframt er óskað tilnefninga sveitarfélagsins á fulltrúum í stefnuráð byggðasamlaganna í samræmi við meðfylgjandi viðauka, þ.e. tveimur fulltrúum, fjórum í tilviki Reykjavíkurborgar, frá hverju þeirra, auk framkvæmdastjóra viðkomandi sveitarfélags. Tilnefningar skulu hafa borist SSH, í netfangið ssh@ssh.is, eigi síðar en 15. ágúst nk., en miðað er við að stefnuráð taki til starfa í september.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

a) Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings SSH, dags. 4. júní 2021.
b) Drög að viðauka við stofnsamning Strætó bs.
c) Drög að viðauka við stofnsamning Sorpu bs.
d) Minnisblað með tillögum starfshóps, dags. 8. apríl 2021.
e) Viðauki 1 - Myndir.
f) Viðauki 2 - Yfirlit yfir leiðir A og B við skipan stefnuráðs.
g) Viðauki 3 - Glærur Strategíu á fundum starfshópsins.
h) Viðauki 4 - Fundargerðir starfshóps um stjórnsýslu byggðasamlaga.

*Málsnr. 1912001*

# MINNISBLAÐ

**TIL:** STJÓRNAR SSH

**FRÁ:** HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR, LÖGFRÆÐINGI SSH

**EFNI:** STEFNURÁÐ OG NÆSTU SKREF –
VIÐAUKAR VIÐ STOFNSAMNINGA BYGGÐASAMLAGA

**DAGS:** 04. JÚNÍ 2021

## INNGANGUR

Á vettvangi SSH hefur staðið yfir vinna við greiningu á starfsemi og stjórnsýslu byggðasamlaganna og liggur fyrir skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins Strategíu, „Skipulag og stjórnarhættir byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu“, frá því í júní 2020, en þar koma m.a. fram tillögur að sviðsmyndum framtíðarskipulags byggðasamlaganna. Jafnframt hafa verið haldnir nokkrir kynningar- og vinnufundir um verkefnið með kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu.

Á 518. fundi stjórnar SSH, hinn 18. janúar 2021, var ákveðið að koma á fót starfshópi kjörinna fulltrúa aðildarsveitarfélaganna til að vinna framangreint verkefni áfram. Hópurinn tók til starfa í byrjun febrúar og fundaði alls fimm sinnum.

Minnisblað starfshópsins, sem fól m.a. í sér tillögur um að komið yrði á fót stefnuráði byggðasamlaga, var lagt fram til kynningar á 523. fundi stjórnar SSH og tekið til frekari umræðu á 524. fundi. Var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

> *Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að stefnuráði verði komið á fót skv. þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8.apríl 2021. Til viðbótar þeim tillögum sem þar liggja fyrir er lagt til að mat fari fram á fyrirkomulagi og árangri þess að tveimur árum liðnum. Lagt er til að formennska í ráðinu verði á höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra. Þá skuli framkvæmdastjóri SSH starfa með ráðinu. Haldinn verði kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa um tillögur starfshópsins og næstu skref föstudaginn 7. maí nk. Þá er skrifstofu SSH falið að hefja undirbúning að erindisbréfi ráðsins, breytingum á stofnsamningum byggðasamlaganna og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna framgangs málsins. Þau gögn verði kynnt stjórn SSH, rafrænt eða á fundi stjórnar, og í kjölfarið send hlutaðeigandi sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu ásamt beiðni um tilnefningu í stefnuráðið.*

Á grundvelli þessarar bókunar hafa nú, með aðkomu ráðgjafa Strategíu ehf., verið unnir fyrirliggjandi viðaukar við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. Þá var haldinn rafrænn kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa hinn 7. maí sl. og tóku um 40 manns þátt í honum.

**VIÐAUKAR VIÐ STOFNSAMNINGA SORPU BS. OG STRÆTÓ BS.**

Tilgangurinn með því að gera viðauka við núgildandi stofnsamninga er sá að festa stefnuráð og hlutverk þess í sessi og eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar í þeim tilgangi. Ekki er um heildstæða endurskoðun á stofnsamningunum að ræða enda megi ætla að hún fari fram á síðari stigum. Við gerð viðaukanna var fyrst og fremst litið til þess að innleiða þær tillögur sem starfshópurinn setti fram í áðurnefndu minnisblaði og stjórn SSH hefur fyrir sitt leyti fallist á.

Í fyrirliggjandi viðaukum er í 1. gr. fjallað um skipan stefnuráðs, en gert er ráð fyrir að stefnuráð verði skipað 20 fulltrúum alls, fimm frá Reykjavík en þremur frá hverju hinna sveitarfélaganna. Er gert ráð fyrir að borgar- og bæjarstjórar allra sveitarfélaga eigi sæti í ráðinu, auk fulltrúa meiri- og minnihluta úr hópi kjörinna fulltrúa. Formennska verði í höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra hverju sinni, sbr. 3.gr. Framkvæmdastjóri SSH sitji fundi ráðsins með málfrelsis- og tillögurétt, og framkvæmdastjórar byggðasamlaganna hafi setu-, málsfrelsis- og tillögurétt á fundum stefnuráðs, undir þeim liðum sem varða málefni viðkomandi byggðasamlags í samræmi við starfsreglur sem stefnuráði ber að setja sér. Þá er gert ráð fyrir að ritari stefnuráðs sé kosinn á fyrsta fundi þess, sbr. 3. gr.

Í 2. gr. er fjallað um hlutverk stefnuráðs, og er sú umfjöllun í samræmi við tillögur starfshópsins.

Í 4. gr. er fjallað um fundi og ályktunarhæfni stefnuráðs, og er sú umfjöllun í samræmi við tillögur starfshópsins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að stefnuráð móti sjálft starfsreglur sínar, og er nánar kveðið á um það í 5. gr. hvað skuli kveðið á um í slíkum starfsreglum, en markmið þess ákvæðis er að tryggja lögboðna og góða stjórnarhætti við framsal þess valds sem stefnuráði er falið.

Í 6. gr. er fjallað um stefnuþing byggðasamlaganna og er sú umfjöllun til samræmis við tillögur starfshópsins en felur í sér nánari útfærslu á þeim málum sem tekin skulu fyrir á stefnuþingi. Er stefnuráði að öðru leyti falin nánari útfærsla um boðun og tilhögun stefnuþings, og eins á því hvort haldin skuli sameiginleg stefnuþing fyrir Sorpu bs. og Strætó bs., eða sérstakt stefnuþing fyrir hvert byggðasamlag.

Í 7. gr., en sú umfjöllun er til samræmis við bókun á 524. fundi stjórnar SSH, er kveðið á um að að tveimur árum liðnum frá upphafi starfa stefnuráðs, skuli stefnuráð endurmeta fyrirkomulag og árangur af störfum sínum og leggja niðurstöður fyrir ársfund eða aukafund byggðasamlagsins.

Þá er í viðaukunum að finna sérstakt ákvæði til bráðabirgða og er það til samræmis við tillögur starfshópsins. Er þar gert ráð fyrir að til viðbótar við hlutverk stefnuráðs skv. 2. gr. sé fyrsta stefnuráði falið að móta tillögur að framtíðarskipulagi starfsemi og verkefna byggðasamlaganna, tillögur að rekstrarformi þeirrar starfsemi sem ekki mun tilheyra starfsemi byggðasamlaganna sem slíkra, tillögur að heildarskipulagi og stjórnarháttum byggðasamlaganna til framtíðar og kanna og hafa til hliðsjónar hagkvæmni þess að sameina byggðasamlagið Strætó og byggðasamlagið Sorpu, og eftir atvikum önnur byggðasamlög eða verkefni sveitarfélaga. Vísast nánar til viðaukanna og minnisblaðs starfshópsins hvað þetta varðar en gert er ráð fyrir að tillögum stefnuráðs verði skilað til ársfundar eða aukafundar eigenda byggðasamlaganna sem haldinn skuli eigi síðar en 1. maí 2022.

**NÆSTU SKREF**

Er lagt til að fyrirliggjandi viðaukar við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. verði sendir til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Jafnframt verði óskað eftir tilnefningum sveitarfélaganna í stefnuráð, en miðað er við að tilnefningar berist eigi síðar en 15. ágúst nk., og að stefnuráð taki formlega til starfa í september. Enn fremur verði haldnar frekari kynningar um málið fyrir þau sveitarfélög sem þess óska.

Um ítarefni vísast fyrrnefndra viðauka, minnisblaðs starfshópsins og annarra gagna sem lögð voru fyrir 525. fund stjórnar SSH undir lið um stjórnsýslu byggðasamlaganna, málsnr. 1912001.

HH

# VIÐAUKI

# VIÐ STOFNSAMNING STRÆTÓ BS. FRÁ 29. DESEMBER 2004

Með samningi dags. 29. desember 2004 samþykktu Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Sveitarfélagið Álftanes endurskoðaða útgáfu að stofnsamningi vegna byggðasamlagsins Strætó bs. (samningurinn).

Núverandi aðilar samningsins eru sammála um að gera breytingar á honum eins og segir í viðauka þessum:

## 1. SKIPAN STEFNURÁÐS BYGGÐASAMLAGA

Stefnuráð byggðasamlaga höfuðborgarsvæðisins (stefnuráð) er skipað 20 aðilum, þ.e. borgar- og bæjarstjórum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu (sveitarfélögin), auk 14 aðila sem koma úr hópi kjörinna fulltrúa meirihluta og minnihluta.

Borgar-og bæjarstjórnir skipa fulltrúa sína í stefnuráð samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

| | |
|---|---|
| Garðabær | 3 |
| Hafnarfjarðarbær | 3 |
| Kópavogsbær | 3 |
| Mosfellsbær | 3 |
| Reykjavík | 5 |
| Seltjarnarnesbær | 3 |
| **Samtals** | **20** |

Fulltrúar í stefnuráði eru skipaðir í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna til fjögurra ára í senn eða fram að næstu sveitarstjórnarkosningum séu þær fyrr.

Sveitarstjórnir skulu við fyrsta hentugleika tilkynna formanni stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um skipan fulltrúa sinna í stefnuráð, en þó eigi síðar en 6 vikum eftir að sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram. Formaður stjórnar SSH skal annast tilkynningu til sveitarstjórna um endanlega skipan stefnuráðs og boða til fyrsta fundar stefnuráðs í samræmi við starfsreglur skv. 5. gr.

Forfallist fulltrúi sveitarfélags í stefnuráði til skemmri eða lengri tíma er sveitarfélaginu heimilt að skipa nýjan fulltrúa í hans stað eða fulltrúa til bráðabirgða.

Framkvæmdastjóri byggðasamlagsins situr fundi stefnuráðs undir þeim dagskrárliðum sem verkefni og stefna þess eru til umfjöllunar og hefur málsfrelsis- og tillögurétt í samræmi við starfsreglur skv. 5. gr.

Framkvæmdastjóri SSH situr fundi stefnuráðs með málfrelsis- og tillögurétt.

## 2. HLUTVERK OG UMBOÐ STEFNURÁÐS BYGGÐASAMLAGA

Hlutverk stefnuráðs er eftirfarandi:

1) Formlegur og virkur samráðsvettvangur sveitarfélaganna fyrir mörkun stefnu málaflokks byggðasamlagsins með stefnusáttmála þess.
2) Gerir tillögu til ársfundar byggðasamlagsins um stefnusáttmála byggðasamlagsins.
3) Fylgir eftir innleiðingu stjórnar og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins á gildandi stefnusáttmála þess.
4) Tekur afstöðu til álitamála í stefnu og starfsemi byggðasamlagsins sem varða stefnusáttmála þess og stjórn og stjórnendur byggðasamlagsins bera upp við stefnuráð.
5) Heldur árlega stefnuþing sbr. 6. gr.
6) Skilar skýrslu til ársfundar byggðasamlagsins um störf sín.

Ársfundur byggðasamlagsins getur falið stefnuráði ákveðið mál sem varðar stefnu málaflokks byggðasamlagsins til nánari umfjöllunar eða eftirfylgni.

Stefnuráð heyrir undir ársfund byggðasamlagsins og starfar í umboði hans á sviði málaflokks byggðasamlagsins.

Stefnuráð skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem byggðasamlagið og framkvæmdastjóri þess hafa um starfsemi byggðsamlagsins og varða störf stefnuráðs og getur kallað stjórn og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins og endurskoðendur þess á fund sinn, eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum stefnuráðs sbr. 5. gr.

## 3. SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR

Formenn stefnuráðs eru tveir, annars vegar formaður stjórnar SSH og hins vegar borgarstjóri hverju sinni.

Ritari stefnuráðs, sem rita skal fundargerðir stefnuráðs, skal kjörinn á fyrsta fundi stefnuráðs og heimilt er að kjósa ritara utan hóps stefnuráðsfulltrúa.

## 4. FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI

Stefnuráð fundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en 2 sinnum á hverju almanaksári. Ritari, í samráði við formenn stefnuráðs, boðar fundi þess í samræmi við starfsáætlun. Einstakir stefnuráðsfulltrúar geta einnig óskað eftir boðun funda stefnuráðs í samræmi við starfsreglur þess.

Stefnuráð er ályktunarbært ef meirihluti stefnuráðsfulltrúa og a.m.k. einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi mæta á fund. Óvenjulega eða mikilsháttar ákvörðun má þó ekki taka nema allir stefnuráðsfulltrúar hafi átt þess kost á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

Stefnuráðsfulltrúar hvers sveitarfélags fyrir sig fara sameiginlega með atkvæði sveitarfélagsins og fer atkvæðavægi hvers sveitarfélags eftir íbúafjölda miðað við 1. desember næstliðins árs.

Ávallt skal stefnt að því að ná samkomulagi og samstöðu stefnuráðsfulltrúa um mál sem koma til meðferðar stefnuráðs. Takist það ekki ræður afl atkvæða.

## 5. STARFSREGLUR STEFNURÁÐS

Stefnuráð skal semja starfsreglur um störf sín og starfshætti, sem staðfestar skulu af ársfundi eða aukafundi eigenda, þar sem m.a. skal nánar kveðið á um:

1) Hlutverk og verkaskipting formanna og ritara.
2) Gerð starfsáætlunar stefnuráðs með fundaáætlun og helstu verkefnum.
3) Undirbúningur, boðun, dagskrá og framkvæmd funda stefnuráðs.
4) Ályktunarhæfi vegna óvenjulegra eða mikilsháttar ákvarðana.
5) Vanhæfi.
6) Fundargerðir.
7) Upplýsingaöflun og samskipti við stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn byggðasamlaga.
8) Undirbúning, boðun, dagskrá og framkvæmd stefnuþinga.
9) Tillögugerð og upplýsingagjöf til ársfunda byggðasamlaga.
10) Endurskoðun starfsreglna stefnuráðs.

## 6. Stefnuþing byggðasamlaga

Stefnuráð boðar árlega til stefnuþings byggðasamlagsins sem er vettvangur fyrir umræðu kjörinna fulltrúa um málefni þess. Rétt til setu á stefnuþingi ásamt málfrelsi og tillögurétti hafa allir kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna, borgar- og bæjarstjórar þeirra og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins auk framkvæmdastjóra SSH. Stefnuráð getur eftir atvikum kallað eftir því að aðrir starfsmenn byggðasamlagsins sæki stefnuþing.

Á stefnuþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1) Verkefni byggðasamlagsins.
2) Gildandi stefnusáttmáli byggðasamlagsins.
3) Tillögur stefnuráðs til ársfundar varðandi endurskoðun á stefnusáttmála byggðasamlagsins, ef við á.
4) Álitamál sem upp hafa komið í starfsemi og verkefnum byggðasamlagsins, ef við á.
5) Önnur mál sem eru samkvæmt ákvörðun stefnuráðs borin undir stefnuþing.

Stefnuráð setur nánari reglur um boðun og tilhögun stefnuþings í starfsreglum skv. 5. gr.

## 7. ENDURSKOÐUN HLUTVERKS OG STARFA STEFNURÁÐS

Að tveimur árum liðnum frá upphafi starfa stefnuráðs, skal stefnuráð endurmeta fyrirkomulag og árangur af störfum sínum og leggja niðurstöður fyrir ársfund eða aukafund byggðasamlagsins. Ársfundur tekur í framhaldi ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag verkefna stefnuráðs.

**ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA**

Sveitarstjórnir skulu skipa fulltrúa sína í fyrsta stefnuráð byggðasamlaga eigi síðar en 15. ágúst 2021.

Til viðbótar við hlutverk stefnuráðs skv. 2. gr. viðauka þessa, skal fyrsta stefnuráð hafa eftirfarandi hlutverk:

A. Að móta tillögu að framtíðarskipulagi fyrir starfsemi og verkefni byggðasamlagsins Strætó í samræmi við þann stefnusáttmála sem mótaður verður.

B. Að móta tillögur að rekstrarformi fyrir starfsemi sem ekki mun tilheyra starfsemi byggðasamlagsins Strætó og eftir því sem við á tillögur um yfirfærslu frá byggðasamlaginu á þeim verkefnum, eignum og skuldum sem tilheyra slíkri starfsemi.

C. Að móta tillögur að heildarskipulagi og stjórnarháttum Strætó, þar með talið endurskoðun stofnsamnings Strætó og viðauka við hann, og eftir atvikum annarra gagna sem skilgreina hlutverk, umboð og ábyrgð einstakra stjórnareininga byggðasamlaga.

D. Að kanna og hafa til hliðsjónar hagkvæmni þess að sameina byggðasamlagið Strætó og byggðasamlagið Sorpu, og eftir atvikum önnur byggðasamlög eða verkefni sveitarfélaga, að teknu tilliti til tillagna um starfsemi og verkefni byggðasamlaganna, skipulags þeirra og umfangs.

Tillögum stefnuráðs skal skilað til ársfundar eða aukafundar eigenda Strætó sem haldinn skal eigi síðar en 1. maí 2022, að undangenginni ítarlegri kynningu fyrir öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna, s.s. á stefnuþingi skv. 6. gr.

Samþykki allra fulltrúa sveitarfélaganna á eigendafundi er áskilið til að tillögur stefnuráðs skv. 2. mgr. viðauka þessa nái fram að ganga.

Staður____________________________, dagsetning_______________

F.h. Garðabæjar

______________________________

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

______________________________

F.h. Kópavogsbæjar

______________________________

F.h. Mosfellsbæjar

______________________________

F.h. Reykjavíkur

______________________________

F.h. Seltjarnarnesbæjar

______________________________

**VIÐAUKI**

**VIÐ STOFNSAMNING SORPU BS. FRÁ 1. JANÚAR 2007**

Með samningi sem tók gildi 1. janúar 2007 samþykktu Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes endurskoðaða útgáfu af stofnsamningi vegna byggðasamlagsins Sorpu bs. (samningurinn).

Núverandi aðilar samningsins eru sammála um að gera breytingar á honum eins og segir í viðauka þessum:

## 1. SKIPAN STEFNURÁÐS BYGGÐASAMLAGA

Stefnuráð byggðasamlaga höfuðborgarsvæðisins (stefnuráð) er skipað 20 aðilum, þ.e. borgar- og bæjarstjórum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu (sveitarfélögin), auk 14 aðila sem koma úr hópum kjörinna fulltrúa meirihluta og minnihluta. Borgar-og bæjarstjórnir skipa fulltrúa sína í stefnuráð samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

| | |
|---|---|
| Garðabær | 3 |
| Hafnarfjarðarbær | 3 |
| Kópavogsbær | 3 |
| Mosfellsbær | 3 |
| Reykjavík | 5 |
| Seltjarnarnesbær | 3 |
| **Samtals** | **20** |

Fulltrúar í stefnuráði eru skipaðir í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna til fjögurra ára í senn eða fram að næstu sveitarstjórnarkosningum séu þær fyrr.

Sveitarstjórnir skulu við fyrsta hentugleika tilkynna formanni stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um skipan fulltrúa sinna í stefnuráð, en þó eigi síðar en 6 vikum eftir að sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram. Formaður stjórnar SSH skal annast tilkynningu til sveitarstjórna um endanlega skipan stefnuráðs og boða til fyrsta fundar stefnuráðs í samræmi við starfsreglur skv. 5. gr.

Forfallist fulltrúi sveitarfélags í stefnuráði til skemmri eða lengri tíma er sveitarfélaginu heimilt að skipa nýjan fulltrúa í hans stað eða fulltrúa til bráðabirgða.

Framkvæmdastjóri byggðasamlagsins situr fundi stefnuráðs undir þeim dagskrárliðum sem verkefni og stefna þess eru til umfjöllunar og hefur málsfrelsis- og tillögurétt í samræmi við starfsreglur skv. 5. gr.

Framkvæmdastjóri SSH situr fundi stefnuráðs með málfrelsis- og tillögurétt.

## 2. HLUTVERK OG UMBOÐ STEFNURÁÐS BYGGÐASAMLAGA

Hlutverk stefnuráðs er eftirfarandi:

1) Formlegur og virkur samráðsvettvangur sveitarfélaganna fyrir mörkun stefnu málaflokks byggðasamlagsins með stefnusáttmála þess.
2) Gerir tillögu til ársfundar byggðasamlagsins um stefnusáttmála byggðasamlagsins.
3) Fylgir eftir innleiðingu stjórnar og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins á gildandi stefnusáttmála þess.
4) Tekur afstöðu til álitamála í stefnu og starfsemi byggðasamlagsins sem varða stefnusáttmála þess og stjórn og stjórnendur byggðasamlagsins bera upp við stefnuráð.
5) Heldur árlega stefnuþing sbr. 6. gr.
6) Skilar skýrslu til ársfundar byggðasamlagsins um störf sín.

Ársfundur byggðasamlagsins getur falið stefnuráði ákveðið mál sem varðar stefnu málaflokks byggðasamlagsins til nánari umfjöllunar eða eftirfylgni.

Stefnuráð heyrir undir ársfund byggðasamlagsins og starfar í umboði hans á sviði málaflokks byggðasamlagsins.

Stefnuráð skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem byggðasamlagið og framkvæmdastjóri þess hafa um starfsemi byggðsamlagsins og varða störf stefnuráðs og getur kallað stjórn og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins og endurskoðendur þess á fund sinn, eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum stefnuráðs sbr. 5. gr.

## 3. SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR

Formenn stefnuráðs eru tveir, annars vegar formaður stjórnar SSH og hins vegar borgarstjóri hverju sinni.

Ritari stefnuráðs, sem rita skal fundargerðir stefnuráðs, skal kjörinn á fyrsta fundi stefnuráðs og heimilt er að kjósa ritara utan hóps stefnuráðsfulltrúa.

## 4. FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI

Stefnuráð fundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en 2 sinnum á hverju almanaksári. Ritari, í samráði við formenn stefnuráðs, boðar fundi þess í samræmi við starfsáætlun. Einstakir stefnuráðsfulltrúar geta einnig óskað eftir boðun funda stefnuráðs í samræmi við starfsreglur þess.

Stefnuráð er ályktunarbært ef meirihluti stefnuráðsfulltrúa og a.m.k. einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi mæta á fund. Óvenjulega eða mikilsháttar ákvörðun má þó ekki taka nema allir stefnuráðsfulltrúar hafi átt þess kost á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

Stefnuráðsfulltrúar hvers sveitarfélags fyrir sig fara sameiginlega með atkvæði sveitarfélagsins og fer atkvæðavægi hvers sveitarfélags eftir íbúafjölda miðað við 1. desember næstliðins árs.

Ávallt skal stefnt að því að ná samkomulagi og samstöðu stefnuráðsfulltrúa um mál sem koma til meðferðar stefnuráðs. Takist það ekki ræður afl atkvæða.

## 5. STARFSREGLUR STEFNURÁÐS

Stefnuráð skal semja starfsreglur um störf sín og starfshætti, sem staðfestar skulu af ársfundi eða aukafundi eigenda, þar sem m.a. skal nánar kveðið á um:

1) Hlutverk og verkaskipting formanna og ritara.
2) Gerð starfsáætlunar stefnuráðs með fundaáætlun og helstu verkefnum.
3) Undirbúningur, boðun, dagskrá og framkvæmd funda stefnuráðs.
4) Ályktunarhæfi vegna óvenjulegra eða mikilsháttar ákvarðana.
5) Vanhæfi.
6) Fundargerðir.
7) Upplýsingaöflun og samskipti við stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn byggðasamlaga.
8) Undirbúning, boðun, dagskrá og framkvæmd stefnuþinga.
9) Tillögugerð og upplýsingagjöf til ársfunda byggðasamlaga.
10) Endurskoðun starfsreglna stefnuráðs.

## 6. Stefnuþing byggðasamlaga

Stefnuráð boðar árlega til stefnuþings byggðasamlagsins sem er vettvangur fyrir umræðu kjörinna fulltrúa um málefni þess. Rétt til setu á stefnuþingi ásamt málfrelsi og tillögurétti hafa allir kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna, borgar- og bæjarstjórar þeirra og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins auk framkvæmdastjóra SSH. Stefnuráð getur eftir atvikum kallað eftir því að aðrir starfsmenn byggðasamlagsins sæki stefnuþing.

Á stefnuþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1) Verkefni byggðasamlagsins.
2) Gildandi stefnusáttmáli byggðasamlagsins.
3) Tillögur stefnuráðs til ársfundar varðandi endurskoðun á stefnusáttmála byggðasamlagsins, ef við á.
4) Álitamál sem upp hafa komið í starfsemi og verkefnum byggðasamlagsins, ef við á.
5) Önnur mál sem eru samkvæmt ákvörðun stefnuráðs borin undir stefnuþing.

Stefnuráð setur nánari reglur um boðun og tilhögun stefnuþings í starfsreglum skv. 5. gr.

## 7. ENDURSKOÐUN HLUTVERKS OG STARFA STEFNURÁÐS

Að tveimur árum liðnum frá upphafi starfa stefnuráðs, skal stefnuráð endurmeta fyrirkomulag og árangur af störfum sínum og leggja niðurstöður fyrir ársfund eða aukafund byggðasamlagsins. Ársfundur tekur í framhaldi ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag verkefna stefnuráðs.

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Sveitarstjórnir skulu skipa fulltrúa sína í fyrsta stefnuráð byggðasamlaga eigi síðar en 15. ágúst 2021.

Til viðbótar við hlutverk stefnuráðs skv. 2. gr. viðauka þessa, skal fyrsta stefnuráð hafa eftirfarandi hlutverk:

A. Að móta tillögu að framtíðarskipulagi fyrir starfsemi og verkefni byggðasamlagsins Sorpu í samræmi við þann stefnusáttmála sem mótaður verður.
B. Að móta tillögur að rekstrarformi fyrir starfsemi sem ekki mun tilheyra starfsemi byggðasamlagsins Sorpu og eftir því sem við á tillögur um yfirfærslu frá byggðasamlaginu á þeim verkefnum, eignum og skuldum sem tilheyra slíkri starfsemi.
C. Að móta tillögur að heildarskipulagi og stjórnarháttum Sorpu, þar með talið endurskoðun stofnsamnings Sorpu og viðauka við hann, og eftir atvikum annarra gagna sem skilgreina hlutverk, umboð og ábyrgð einstakra stjórnareininga byggðasamlaga.
D. Að kanna og hafa til hliðsjónar hagkvæmni þess að sameina byggðasamlagið Sorpu og byggðasamlagið Strætó, og eftir atvikum önnur byggðasamlög eða verkefni sveitarfélaga, að teknu tilliti til tillagna um starfsemi og verkefni byggðasamlaganna, skipulags þeirra og umfangs.

Tillögum stefnuráðs skal skilað til ársfundar eða aukafundar eigenda Sorpu sem haldinn skal eigi síðar en 1. maí 2022, að undangenginni ítarlegri kynningu fyrir öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna, s.s. á stefnuþingi skv. 6. gr.

Samþykki allra fulltrúa sveitarfélaganna á eigendafundi er áskilið til að tillögur stefnuráðs skv. 2. mgr. viðauka þessa nái fram að ganga.

Staður____________________________, dagsetning_______________

F.h. Garðabæjar

_______________________________

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

_______________________________

F.h. Kópavogsbæjar

_______________________________

F.h. Mosfellsbæjar

_______________________________

F.h. Reykjavíkur

_______________________________

F.h. Seltjarnarnesbæjar

_______________________________

*Málsnr. 1912001*

# TILLÖGUR STARFSHÓPS UM STJÓRNSÝSLU BYGGÐASAMLAGA

**TIL:** STJÓRNAR SSH

**FRÁ:** STARFSHÓPI UM STJÓRNSÝSLU BYGGÐASAMLAGA

**EFNI:** TILLÖGUR UM NÆSTU SKREF

**DAGS:** 8. APRÍL 2021

## Inngangur

Á 518. fundi stjórnar SSH, hinn 18. janúar 2021, var ákveðið að koma á fót starfshópi kjörinna fulltrúa aðildarsveitarfélaganna til að vinna að verkefni er varðar starfsemi og stjórnsýslu byggðasamlaganna.

Hópinn skipuðu: Ágúst Bjarni Garðarsson og Jón Ingi Hákonarson frá Hafnarfirði, Ásgeir Sveinsson og Lovísa Jónsdóttir Mosfellsbæ, Bjarni Torfi Álfþórsson og Guðmundur Ari Sigurjónsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger og Sara Dögg Svanhildardóttir Garðabæ, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson Reykjavík, Margrét Friðriksdóttir og Theódóra S. Þorsteinsdóttir Kópavogi.

Þá störfuðu Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og formaður starfshópsins og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH, auk Guðrúnar Ragnarsdóttur og Helgu Hlínar Hákonardóttur ráðgjafa Strategíu með hópnum.

Samkvæmt erindisbréfi hópsins voru meginverkefni hans þessi:

a) Fara yfir helstu niðurstöður skýrslu Strategíu frá því í júní 2020 og þeirrar vinnu sem hefur farið fram.
b) Fara yfir skilgreiningu á verkefnum byggðasamlaganna. Skoða hvaða verkefnum sé rétt að útvista og hvaða verkefni eigi best heima innan byggðasamlaga.
c) Rýna fyrirliggjandi hugmyndir um stefnuráð byggðasamlaganna og gera tillögur um hlutverk þess og skipulag.
d) Gera tillögu að sviðsmynd endanlegs fyrirkomulags, hvað varðar t.a.m. útvistun, rekstrarform og stjórnskipulag byggðasamlaganna.
e) Gera tillögu að innleiðingaráætlun verkefnisins þar sem fram komi tímalína einstakra verkþátta.

Hópurinn fundaði alls fimm sinnum: 8. febrúar 2021, 15. febrúar 2021, 1. mars 2021, 15. mars 2021 og 26. mars 2021. Á grundvelli þeirra umræðna sem fram fóru á fundunum, og með hliðsjón af erindisbréfi hópsins leggur starfshópurinn eftirfarandi tillögur fyrir stjórn SSH:

**c) Rýni á fyrirliggjandi hugmyndum um stefnuráð byggðasamlaganna og tillögur um hlutverk þess og skipulag.**

**Stefnuráð, stefnuþing og aðalfundir**

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi og eigendastefnum Sorpu bs. og Strætó bs. fer stjórn byggðasamlags með málefni fyrirtækisins á milli aðalfunda. Milli aðalfunda eru einnig, samkvæmt eigendastefnu, haldnir eigendafundir, ef þörf krefur, t.a.m. vegna mótunar fjárhags- og starfsáætlana og að kröfu eigenda eða stjórna byggðasamlaganna.

Í minnisblaði þessu eru lagðar til ákveðnar breytingar á núverandi fyrirkomulagi sem felast m.a. í að sett verði á fót stefnuráð byggðasamlaganna, þ.e. Sorpu bs. og Strætó bs. Ásamt því að lagt er til að boðað verði til stefnuþings og að aðalfundir byggðasamlaganna fái aukið vægi. Jafnframt er brýnt að stofnsamningar byggðasamlaganna verði uppfærðir sem fyrst til að endurspegla nýja tilhögun.

Vakin er athygli á að SHS og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins komu ekki til sérstakrar umfjöllunar í störfum hópsins en vel má hugsa sér að stefnuráðið og stefnuþingið taki einnig til málefna þeirra, og í því ljósi þarf m.a. að greina rekstrarfyrirkomulag skíðasvæðanna.

**Hlutverk stefnuráðs**

Stefnuráð verði skipað kjörnum fulltrúum, sbr. nánari umfjöllun síðar, og helsta hlutverk þess verði að mynda samráðsvettvang fyrir stefnusáttmála vegna málaflokka byggðasamlaganna og gera tillögur um breytingar eða staðfestingu á stefnusáttmála viðkomandi byggðasamlags.

Milli aðalfunda er hlutverk stefnuráðs að fylgja eftir innleiðingu stefnusáttmála og taka afstöðu til álitamála sem stjórn og stjórnendur byggðasamlaga bera upp vegna einstakra þátta sem upp kunna að koma í starfsemi byggðasamlagsins og varða stefnusáttmála þess. Þá leggur stefnuráð skýrslu um störf sín fyrir aðalfund.

Má því gera ráð fyrir að þau verkefni sem hingað til hafa verið borin upp á vettvangi núverandi eigendavettvangs færist annars vegar til stefnuráðs og hins vegar til aðalfunda byggðasamlaganna, s.s. ákvarðanir varðandi stefnumarkandi málefni.

Svo stefnuráð geti starfað með skilvirkum hætti eins og stefnt er að kallar það á markvissa umsjón og utanumhald, og jafnframt má ætla, verði fallist á þær tillögur sem hér koma fram, að um töluverða vinnu verði að ræða meðan mörkun framtíðarskipulags byggðasamlaganna stendur yfir.

**Fyrsta hlutverk stefnuráðs**

Lagt er til að fyrsta stefnuráðið fái aukið hlutverk til að byrja með, þ.e. að gera tillögu að framtíðarskipulagi starfsemi og verkefna byggðasamlaganna. Þá verði því einnig falið að móta tillögur að rekstrarformi núverandi starfsemi þeirra og eigna, sem ekki munu falla undir eða tilheyra starfsemi eða verkefnum byggðasamlagsins, sjá nánari umfjöllun síðar.

Jafnframt verði fyrsta stefnuráðinu falið að móta tillögur að skipulagi og stjórnarháttum byggðasamlaganna. Samhliða því verkefni fari fram endurskoðun stofnsamninga byggðasamlaganna og eftir atvikum annarra gagna því samfara. Í þeirri vinnu, og að teknu tilliti til tillagna um skipulag starfsemi og verkefna byggðasamlaganna og umfangs þeirra, verði kannað hvort hagkvæmt er að sameina einstök byggðasamlög í eitt, einkum Strætó bs. og Sorpu bs., sjá nánari umfjöllun hér á eftir.

**Stefnuþing**

Lagt er til að árlega verði haldið stefnuþing kjörinna fulltrúa allra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlögunum.

Hlutverk stefnuþings er að vera vettvangur fyrir umræðu kjörinna fulltrúa um verkefni byggðasamlaganna, stefnuráðs, gildandi stefnusáttmála byggðasamlaga, þær breytingar sem stefnuráð leggur til á þeim og álitamál sem upp hafa komið í starfsemi og verkefnum byggðasamlags, ef við á.

Allir kjörnir fulltrúar og borgar- og bæjarstjórar sveitarfélaganna, auk framkvæmdastjóra, og eftir atvikum annarra stjórnenda, byggðasamlaganna, hafi tillögu- og málfrelsisrétt á stefnuþingi.

**Aukið vægi aðalfunda**

Þá er gert ráð fyrir auknu vægi aðalfunda byggðasamlaganna, þar sem málefnum sem koma til umræðu og ákvörðunar á vettvangi eigenda verði fjölgað, s.s. varðandi starfsáætlun, stefnusáttmála og áhættustefnu. Þannig verði hlutverk eigenda skilgreint með skýrari og víðtækari hætti og um leið verði stjórnum byggðasamlaganna veitt skýrara umboð í störfum sínum. Hlutverk stjórnar verði því meira í ætt við framkvæmdastjórn sem ber ábyrgð á innleiðingu ákvarðana eigendafunda og annast jafnframt eftirlit með daglegum rekstri og framkvæmd stefnusáttmála, og fjárhags- og starfsáætlunar.

Hvað varðar hlutverk aðalfundar, stjórnar og stefnuráðs samkvæmt því fyrirkomulagi sem lagt er til vísast nánar til myndar 1 í viðauka 1.

Líkt og áður verði allir kjörnir fulltrúar auk borgar- og bæjarstjóra með setu- og málsfrelsisrétt á aðalfundum.

Ekki hefur verið tekin afstaða til ályktunarhæfis vegna stefnusáttmála, þ.e. hvort aukinn meirihluta þurfi við atkvæðagreiðslu og hvernig hann skuli þá skilgreindur.

**Skipan og ályktunarhæfi stefnuráðs:**

Skipan stefnuráðs, og hvaða leiðir væri best að fara í þeim efnum, kom til ítarlegrar umræðu á fundum starfshópsins. Helst voru það tvær leiðir, A og B, sem hópurinn leit til við umræðuna, en nánari útlistun þeirra hugmynda er að finna í viðauka 2. Niðurstaða hópsins var sú að leggja til leið B, þó með þeirri breytingu að Reykjavík ætti fimm fulltrúa í stefnuráði en önnur sveitarfélög þrjá.

Hópurinn leggur því til að stefnuráð verði skipað 20 fulltrúum alls. Reykjavík hafi fimm fulltrúa en önnur sveitarfélög þrjá hvert. Er gert ráð fyrir að borgar- og bæjarstjórar allra sveitarfélaga eigi sæti í ráðinu, auk eins fulltrúa (tveggja í tilviki RVK) meirihluta og eins frá minnihluta (tveggja í tilviki RVK). Formennsku ráðsins verði skipt á milli sveitarfélaganna og er þörf á nánari umræðu og útfærslu á því fyrirkomulagi. Jafnframt eigi framkvæmdastjórar, eða eftir atvikum aðrir stjórnendur, byggðasamlaganna setu-, málsfrelsis- og tillögurétt á fundum stefnuráðs, undir þeim liðum sem varða málefni viðkomandi byggðasamlags.

Stefnt skal að því að ná samkomulagi og samstöðu um álitamál sem koma til meðferðar stefnuráðs. Takist það ekki fer atkvæðavægi hvers sveitarfélags eftir íbúafjölda 1. desember næstliðins árs og er gert ráð fyrir því að fulltrúar hvers sveitarfélags móti sameiginlega afstöðu þess en að atkvæðavægi skiptist ekki niður á einstaka fulltrúa. Ekki liggja enn fyrir fullmótaðar tillögur um áskilinn meirihluta atkvæða innan stefnuráðs svo ákveðin mál skoðist samþykkt og yrði að þróa þær frekar samhliða starfsreglum ráðsins.

Kostir þessarar tilhögunar, umfram aðrar sem komu til umræðu, eru að með henni má ætla að auðveldara sé að móta afstöðu hvers sveitarfélags innbyrðis þar sem um oddatölur er að ræða, og því stuðlað að aukinni skilvirkni við ákvarðanatöku. Samhliða er reynt að stefna að skilvirkni með því að takmarka fjölda í ráðinu við 20, en ekki t.d. 29 eins og er í núverandi fulltrúaráði. Þá er aðkoma minnihlutafulltrúa gerð möguleg, þar sem hvert sveitarfélag utan Reykjavíkur á þrjá fulltrúa.

## b) og d) Skilgreining á verkefnum byggðasamlaganna Sorpu bs. og Strætó bs. og tillaga að þeim sviðsmyndum sem koma ættu til frekari skoðunar stefnuráðs.

Á fundum sínum fór starfshópurinn yfir þá greiningu sem átt hefur sér stað á verkefnum Sorpu bs. og Strætó bs., og skoðaði mögulegar sviðsmyndir er varða framtíðarskipulag starfseminnar. Var skýrsla Strategíu, frá júní 2020, jafnframt höfð til hliðsjónar við þá vinnu.

Hvað varðar þær sviðsmyndir sem fram koma í þeirri skýrslu voru það helst sviðsmyndir 2a og 2b sem komu til skoðunar. Sviðsmynd 2a felur í grófum dráttum í sér að áfram verði starfrækt fjögur byggðasamlög en að ákveðnum verkefnum verði komið fyrir í öðru rekstrarformi sem hentar atvinnurekstri. Sviðmynd 2b gengur svo lengra en þar er gert ráð fyrir að byggðasamlögin verði sameinuð undir einu byggðasamlagi, sem verði skipt upp í nokkur fagsvið. Í stað framkvæmdastjóra yfir hverju og einu byggðasamlagi verði einn framkvæmdastjóri yfir hinu sameinaða byggðasamlagi og svo sviðsstjórar yfir einstökum fagsviðum.

Eftir því sem umræðan dýpkaði innan hópsins skapaðist meiri áhugi á að skoða sviðsmynd 2b enda þætti hún að ýmsu leyti henta vel og er því gerð tillaga um að stefnuráðið taki mögulega innleiðingu hennar til nánari skoðunar. Um ofangreindar sviðsmyndir vísast nánar til mynda 2 og 3 í viðauka 1.

### Strætó bs.

Starfshópurinn tók greiningu á verkefnum Strætó bs. til skoðunar og voru settar upp mismunandi sviðsmyndir um framtíðarfyrirkomulag verkefna á sviði samgöngumála.

Sú sviðsmynd sem hópurinn hafði hvað jákvæðasta afstöðu til var sviðsmynd 3, þ.e. að öllum rekstri vagna yrði úthýst, þ.m.t. akstri þeirra. Strætó færi hins vegar með verkefni sem snúa að innviðum og farþegaþjónustu en í því felst m.a. mótun þjónustustigs og eftirliti með þjónustusamningum vegna starfsemi sem er útvistað. Um þetta vísast nánar til myndar 4 í viðauka 1.

Þær eignir sem tilheyra þeim rekstri sem yrði úthýst, s.s. vagnar, þvottastöð, verkstæði, lager o.s.frv. yrðu seldar eða gert að skilyrði í útvistunarsamningum að þær yrðu teknar yfir. Þó má gera ráð fyrir að einhverjar eldri eignir yrðu afskrifaðar á meðan á endurskipulagningu stæði yfir.

Áætlanir um útvistun á akstri í frekara mæli en nú er gert hafa þegar verið til skoðunar hjá stjórn og stjórnendum Strætó bs. og er því gerð tillaga um að stefnuráð rýni frekar þá greiningu sem þegar hefur farið fram m.t.t. hagkvæmni og skilvirkni þess fyrirkomulags.

**Sorpa bs.**

Hópurinn tók einnig til skoðunar þá greiningu og flokkun verkefna Sorpu sem þegar er fyrirliggjandi. Hafa lögskyld verkefni sveitarfélaga verið tekin til sérstakrar skoðunar í þessu samhengi og þau verkefni þar sem líkur eru á að markaðsbrestur sé til staðar en þau kunna þá að eiga heima undir rekstrarformi byggðasamlags, einkum söfnun og móttaka sorps og að einhverju leyti meðferð úrgangs, s.s. urðun.

